

Sp. 251. Tillaga til þingsályktunar [125. mál]

um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd.

Flm.: Karl Kristjánsson, Jónas G. Rafnar, Gísli Guðmundsson, Björn Jónsson, Ingvar Gíslason, Magnús Jónsson, Bjartmar Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja lagafrumvarp og leggja það fyrir næsta reglulegt Alþingi um garðyrkjuskóla ríkisins, er stofnaður verði á Akureyri eða í grennd hennar, og undirbúa jafnframt framkvæmdir að stofnun hans að öðru leyti eftir því, sem við getur átt, áður en löggjöf um hann er sett.

Greinargerð.

Ríkið hefur rekið garðyrkjuskóla að Reykjum í Ölfusi síðan 1939. Þetta er þörf stofnun, en fullnægir alls ekki, a. m. k. nú orðið, öllu landinu. Auk þess er af mörgum ástæðum æskilegra, að garðyrkjuskólarnir séu heldur tveir en einn fyrir landið.

Þjóðin þarf að auka garðyrkju sína. Garðyrkjugreinar eru orðnar margar. Mikil sérhæfing komin til sögunnar. Verkaskipting milli garðyrkjuskóla gæti verið hagkvæm.

Á Norðurlandi er mikil garðyrkja og áhugi á því að auka hana enn meir. Þar er aðkallandi þörf fyrir garðyrkjuskóla.

Flutningsmenn tillögunnar telja rétt að staðsetja skólann á Akureyri eða í nágrenni hennar, af því að á Akureyri eða í námunda við hana muni hann njóta sín best. Jarðvegsskilyrði eru þar góð og veðurfarsskilyrði einnig heppileg með tilliti til þess, sem rækta þarf við slíkan skóla.

Garðmenning á Akureyri er eldri og rótgrónari en almennt gerist í landinu. Þar eru margir garðar einstakir í sinni röð, fjölbreyttir og vænlegir til kynningar við kennslu. Þar er grasgarður, sem veitt gæti góð skilyrði til náms með kynningu á plöntugróðri, og mætti hugsa sér, að þar fari fram einhver hluti verknáms í skrudgarðyrkju.

Þar — eða í nánd — er hægt að fá jarðhita til ylræktar.

Á Akureyri eru skilyrði til að fá sérmenntaða kennara, sem starfa við aðra skóla, til kennslu í ýmsum undirbúningsgreinum við garðyrkjuskóla.

Tillagan gerir ráð fyrir, að ríkisstjórnin undirbúi löggjöf um skólann og leggi frumvarp að þeirri löggjöf fyrir næsta reglulegt Alþingi, en einnig er ætlað til, að hún undirbúi framkvæmdir eftir því, sem við getur átt, að öðru leyti samhliða, t. d. tryggi skólanum stað.